

# KRÍSUVÍKURELDAR I. ALDUR ÖGMUNDARHRAUNS OG MIÐDALAGSINS

Haukur Jóhannesson  
*Náttúrufræðistofnun Íslands*  
Laugavegi 105, P.O. Box 5320, 125 Reykjavík

Sigmundur Einarsson  
*Birtingakvísl 19, 110 Reykjavík*

## ÁGRIP

Í grein þessari er fjallað um aldur Ögmundarhrauns og miðdalagsins. Aldur hraunsins er kannadur í ljósi öskulaga sem eru undir því og ofan á. Eitt þessara öskulaga er svonefnt miðdalag og eru leidd sterk rök að aldri þess og uppruna. Einnig eru geislakolsaldursgreiningar leiðréttar með nýjustu aðferðum. Ofangreindar athuganir eru bornar saman við ritheimildir og teljum við okkur geta ákvarðað aldur Ögmundarhrauns upp á ár. Í lokin er getið um aldursákvörðun forns torfgarðs í Húshólma sem reynist vera eitt af elstu mannvirkjum sem fundist hafa á Íslandi.

## INNGANGUR

Nokkuð hefur verið ritað um aldur Ögmundarhrauns á Reykjanesi á undanförunum árum og hefur sitt sýnst hverjum. Jón Jónsson (1982, 1983) og Sigurður Þórarinnsson (1974) hafa á grundvelli geislakolsaldursgreininga og afstöðu hraunsins til mannvistarleifa í Krísvík dregið þá ályktun, að það hafi runnið á öndverðri 11. öld. Sveinbjörn Rafnsson (1982) hefur kannað sögulegar heimildir um hraunið og kirkjustaðinn í Krísvík og álitur hann, að hraunið hafi runnið seint á tímabilinu 1558-1563. Þorvaldur Thoroddsen (1925) áleit að Ögmundarhraun gæti hafa runnið 1340 og Jónas Hallgrímsson (útg.

1934-37) var sömu skoðunar. Tómas Tómasson (1948) og Einar Gunnlaugsson (1973) hafa rakið heimildir um eldgos á Krísvíkursvæði en taka ekki afstöðu til aldurs Ögmundarhrauns. Ástæða þess, að áhugi hefur verið meiri fyrir könnun Ögmundarhrauns en annarra hrauna á Reykjanesi er sú, að það hefur runnið yfir bæ og önnur mannvirki s.s. fjárrétt og torf- og grjótgærða, sem sjást í hraunjaðrinum.

Gjóskulag sem nefnt hefur verið miðdalalagið hjálpar til við ákvörðun á aldri Ögmundarhrauns og skal fyrst reynt að varpa ljósi á aldur þess. Miðdalalagið er eina gjóskulagið frá miðöldum auk landnámslagsins sem finnst í jarðvegssniðum á svæðinu. Í þessari grein verður skýrt frá niðurstöðum rannsóknna sem gerðar voru síðla hausts 1987.

## ÖGMUNDARHRAUN

Ögmundarhraun (mynd 1) er komið upp í eldstöðvakerfi sem oftast hefur verið kennt við Krísvík, en stundum við Trölladyngju. Eldstöðvakerfið einkennist aðallega af gígaröðum og gapandi gjám og sprungum. Sprungureinin er víðast um og innan við 5 km breið og nær 50 km löng. Hún nær frá Ísólfskála í suðvestri, norðaustur um Núpshlíðarháls og Sveifluháls og áfram um Undirhlíðar og Helgafell fyrir ofan Hafnarfjörð. Við Helgafell endar gos-